

Endurlöggilding vigtarmanna

Neytendastofa í samstarfi við Fiskistofu stendur fyrir fjarfundanámskeiði sem veitir endurlöggildingarpróf vigtarmanna. Möguleiki er á að opna fyrir námskeiðið á fjarfundastöðum Þekkingarnets Þingeyinga.

Námskeiðið fer fram 6. febrúar. Það tekur allan daginn og endar á prófi. Áhugasamir geta haft samband Grétu í Menntasetrinu á Þórs höfn í síma 464-5142 og fengið frekari upplýsingar eða við Neytendastofu.

Næstu löggildingarnámskeið verða haldin árið 2016.

Ef vel gengur er mögulegt að boðið verði upp á grunnnámskeið vigtarmanna í fjarfundi í vor.

Tæpitungulaust á Húsavík—ókeypis fyrir alla

Sigurður Hjartarson

Indíánar í fortíð og nútíð

Tæpitungulaust í febrúar mun fjalla um Indíána í fortíð og nútíð. Sigurður Hjartarson hefur lengi haft áhuga á Indíánum og menningu þeirra. Sigurður þekkir Indíána af eigin raun en hann dvaldi ásamt fjölskyldu sinni í Mexíkó á árunum 1980-1982.

Tími: 23. febrúar kl. 20:00

Staður: Moby Dick, Fosshótel Húsavík.

Í mars

- ⇒ Vornámskeið tengd garðinum
- ⇒ Tæpitungulaust á Húsavík
- ⇒ Flugukastnámskeið

Nýr starfsmaður



Nú um áramótin hóf Hilmar Valur Gunnarsson störf hjá Þekkingarnetinu.

Hilmar leysir Erlu Dögg Ásgeirsdóttur af á meðan hún er í fæðingarorlofi.

Hilmar sinnir ráðgjöf hjá Þekkingarnetinu og er hægt að panta tíma hjá honum í síma 464-5104 og með því að senda póst á hilmar@hac.is



Skráningar alla virka daga kl. 8:00-16:00 í síma 464 5100 (S-Þing.) og 464-5142 (N-Þing.) og á hac@hac.is eða á www.hac.is

Skráningu lýkur fjórum dögum fyrir fyrstu kennslustund!

Skráningar

Febrúar

námsvísir

www.hac.is

facebook



Hafnarstétt 3, 640 Húsavík Sími. 464 5100 hac@hac.is



Fagnám I—félags- og heilbrigðisþjónusta 61 kest.

Fagnámskeið I fyrir starfsmenn í félags- og heilbrigðisþjónustu er 61 kest. sem má meta til allt að 5 eininga náms í framhaldsskóla. Námsleiðin er ætluð þeim sem eru eldri en 20 ára og hafa ekki lokið formlegu námi. Námið hentar meðal annars þeim sem starfa á sjúkrahúsum, í öldrunarþjónustu, á sambýlum, við félagslega heimaþjónustu eða þeim sem hyggja á störf á sviði félags- og heilbrigðisþjónustu. Námið nýtist vel þeim sem vilja styrkja sig í starfi en er jafnframt góður undirbúningur fyrir frekara nám s.s. sjúkraliðanám og félagsliðanám. Kennsla fer fram tvo seinniparta í viku kl. 15:00-17:00.

Leiðbeinendur: Ýmsir. **Staður:** Húsavík.
Tími: Áætlað að hefjist 7. febrúar. **Verð:** 11.000

Ferðapjónusta I 60 kest.

Ferðapjónusta I er 60 kennslustunda nám sem meta má til 5 eininga náms í framhaldsskóla. Það er ætlað þeim sem eru 20 ára og eldri sem starfa við ferðapjónustu eða hyggja á störf í ferðapjónustu. Tilgangur námsins er að þátttakendur öðlist jákvæð viðhorf til starfsins, starfsgreinarinnar og eigin færni, undirbúi sig fyrir krefjandi viðfangsefni ferðapjónustunnar, efla starfsfærni sína með það í huga að gera færri mistök, auka afköst og að auka trygð viðskiptavina.

Leiðbeinendur: Ýmsir. **Staður:** Lotukennt á Húsavík, í Mývatnssveit og á Laugum.

Tími: Fyrsta lota áætluð 24.-26. febrúar. **Verð:** 11.000

Grunnám fyrir skólaliða 70 kest.

Grunnám fyrir skólaliða er 70 kennslustundir. Námið má meta til allt að 6 eininga náms í framhaldsskóla. Það er ætlað þeim sem hafa umsjón með grunnskólabörnum í frímínútum, í útivist og á matmálistímum auk þess að ræsta skólahúsnæði og sinna skyldum verkefnum á því sviði. Námið getur einnig nýst þeim sem aðstoða kennara þegar þeir sinna nemendum sem þurfa sérstaka aðstoð svo og þeim sem líta eftir börnum á leikskólum.

Námið er góður undirbúningur fyrir frekara nám t.d. skólaliðanám, stuðningsfulltrúanám eða leikskólaliðanám.

Kennsla fer fram tvo seinniparta í viku kl. 15:00-17:00.

Leiðbeinendur: Ýmsir. **Staður:** Húsavík.
Tími: Hefst í 20. febrúar. **Verð:** 12.000

Meðferð matvæla 60 kest.

Meðferð matvæla er 60 kennslustunda nám sem meta má til allt að 5 eininga náms í framhaldsskóla. Námið hentar þeim sem starfa við fiskvinnslu, kjötvinnslu og matreiðslu, til að mynda í mótuneytum.

Námið er góður undirbúningur fyrir frekara nám t.d. í kjötiðin, matreiðslu og framreiðslu.

Leiðbeinendur: Ýmsir. **Staður:** Húsavík.
Tími: Hefst í febrúar. **Verð:** 11.000

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Námsleiðir Þekkingarnetsins eru kenndar samkvæmt námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og eru vottaðar af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Sjá www.frae.is

Bókagerð og áferð á pappír Verð: 16.500 16 kest.

Námskeiðið bókagerð og áferð á pappír er ákaflega skemmtilegt. Þátttakendur skreyta pappír með mismunandi áferð og/eða málningu. Pappírinn er notaður á bókakápur og búnar eru til litlar bækur sem henta til tækifærisgjafa, t.d. fyrir uppskriftir eða sem dagbækur.

Leiðbeinandi: Karín Sveinbjörnsdóttir. **Staður:** Mývatnssveit.
Tími: Auglýst síðar.

Horna og beinavinnsla Verð: 20.000 8 kest.

Þátttakendur læra helstu aðferðir í horna- og beinavinnslu. Námskeiðið hentar bæði byrjendum sem og lengra komnum. Allt efni og matur innifalið. Skráning í síma 464-3290 virka daga og á kidagil@kidagil.is

Leiðbeinandi: Ósk Helgadóttir og Sigríður Ívarsdóttir. **Staður:** Kiðagil.
Tími: 17.-18. febrúar. Kennst verður á föstudagskvöld frá kl. 18:00-21:00 og laugardag frá kl. 09:00-14:00.

Íslenska IVA—Islandzki IV—Icelandic IVA

Unnið er með tjáningu og ritun á íslensku. Orðaforði sem tengist daglegu lífi svo sem sjónvarpi, interneti, skatti, stéttarfélagum og ferðalögum er æfður. Helstu málfræðiatríði tengjast nafnorðum, sagnorðum og lýsingarorðum.

Leiðbeinandi: Signý Valdimarsdóttir. **Staður:** Húsavík.
Tími: Hefst 20. febrúar. Kennst mánud. og fimmtud.. **Verð:** 23.500

Spænska III Verð: 28.500 30 kest.

Framhald af spænsku I og II. Áfram verður bætt við orðaforða og málfræði auk þess sem tal verður þjálfað. Fróðleik um spænska menningu verður fléttað inn í námskeiðið eftir því sem við á.

Leiðbeinandi: Olga Hrund Hreiðarsdóttir. **Staður:** Húsavík.
Tími: Hefst 20. febrúar. Kennst mánudaga og miðvikudaga kl. 20:00-22:00.

Tölvu- og upplýsingatækni Verð: 23.500 24 kest.

Almennt tölvunámskeið þar sem fjallað verður um Internetið, tölvupóst, ritvinnslu í word og annað eftir þörfum og óskum þátttakenda

Leiðbeinandi: Snæbjörn Sigurðarson. **Staður:** Húsavík.
Tími: Hefst 9. febrúar kl. 16:15-18:15. Kennst er á fimmtudögum og stendur námskeiðið í 8 vikur.

Útskurðarnámskeið síðari hluti Verð: 20.000 12 kest.

Fyrir byrjendur og lengra komna. Kennst beiting útskurðarjarna og grunnatriði við útskurð í tré. Unnið út frá kunnáttu hvers og eins.

Skráning í síma 464-3290 frá 8-16 virka daga eða kidagil@kidagil.is
Leiðbeinandi: Jón Hólmgeirsson. **Staður:** Kiðagil.
Tími: 17.-19. febrúar. Kennst verður á föstudagskvöld kl. 18:00-21:00, laugardag kl. 09:00-14:00 og sunnudag kl. 10-14:00.

Verslað á netinu Verð: 4.500 3 kest.

Verslun á internetinu verður sífellt algengari þó ekki sé það alltaf hagstætt og ýmislegt sem ber að varast. Farið verður yfir helstu viðskipavefi, virkni þeirra, kosti og galla. Jafnframt verður farið yfir í hvaða gjaldmiðlum er best að versla hverju sinni.

Leiðbeinandi: Aðalsteinn J. Halldórsson. **Staður:** Húsavík.
Tími: 6 febrúar kl. 20:00-22:00.

Hekl Verð: 5.500 4,5 kest.

Námskeiðið er tilvalið fyrir þá sem kunna lítið eða ekkert að hekla. Á námskeiðinu er kennt að hekla eftir uppskrift og farið yfir allar helstu hekl aðferðirnar, heklaðar dúllur og ömmuferingar og hvernig það er tengt saman. Þátttakendur koma með garn og heklunál.

Leiðbeinandi: Kristín Hildur Árnadóttir. **Staður:** Þórshöfn.
Tími: Auglýst síðar.

Íslenska IIA—Islandzki IIA—Icelandic IIA


Fjallað verður um uppbyggingu tungumálsins. Lögð er áhersla á mál til daglegrar notkunar, æfingu í að tala, sagnorð í nútíð og þáttíð og tengd daglegum athöfnum, lýsingarorð og atvinnuheiti.

Leiðbeinandi: Árni Davíð Haraldsson. **Staður:** Bakkafjörður.
Tími: Auglýst síðar. **Verð:** 23.500

Zumba Verð: 10.500 9 kest.

Skemmtilegir tímar sem byggja á latínu dónsum og tónlist. Mikil fitubrennsla, eykur þol og líkamlegan styrk. Mikil áhersla er lögð á maga og mjaðmasvæði. Auðveld dansspor og æfingar sem allir geta fylgt.

Leiðbeinandi: Eva R. Elvarsdóttir. **Staður:** Kópasker og Raufarhöfn.
Tími: 12.-14. febrúar. Kl. 16:30-18:30 á Kópaskeri og kl. 20:00-22:00 á Raufarhöfn.



Í janúarbyrjun fór starfsfólk Þekkingarnetsins á skyndihjálparnámskeið. Nú ætti það því að vera undir það búíð að bregðast rétt við ef slys eða veikindi bera að höndum.

Origami